



# Akraneskaupstaður

## FUNDARBOÐ

**1405. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 14. janúar 2025 og hefst kl. 17:00**

### Almenn erindi

#### 1. 2412143 - Kaup á hlaupabrettum í þreksal á Jaðarsbökkum

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 28 við fjárhagsáætlun ársins 2024 á fundi sínum þann 12. desember 2024 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er samtals að fjárhæð kr. 3.000.000, er færður á deild 06510-4660 og er mætt með tilfærslu fjármagns af launaliðum 06520-1691.

#### 2. 2406138 - Langtímaveikindi starfsmanna 2024 (veikindapottur)

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 29 við fjárhagsáætlun ársins 2024 á fundi sínum þann 12. desember 2024 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2024, vegna tímabilsins 1. júlí til og með 31. desember.

Viðaukinn er samtals að fjárhæð kr. 26.387.215 og er ráðstöfuninni mætt með óvissum útgjöldum, deild 20830-1691, að fjárhæð kr. 10.280.000, og af auknum skatttekjum, deild 00010-0020, að fjárhæð kr. 16.107.215, og fært á tegundarlykilinn 1691 á hverja stofnun fyrir sig sbr. skiptingu samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali.

Samtals hefur því verið úthlutað kr. 77.726.842 til stofnana Akraneskaupstaðar á árinu 2024 vegna afleysingakostnaðar sem tilkominn er vegna langtímaveikinda starfsmanna.

Bæjarráð lagði áherslu á að greining verði gerð á tengslum veikinda og starfsaðstæðna, með það að markmiði að unnt sé að vinna betur í forvörnum sem stuðlað geti að bættri velferð mannaúðs Akraneskaupstaðar.

#### 3. 2408042 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2024

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 30 við fjárhagsáætlun ársins 2024 á fundi sínum þann 19. desember 2024 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er tilkomin vegna þeirra kjarasamninga sem samþykktir hafa verið núna í lok árs og felur í sér útgjöld að fjárhæð kr. 64.427.627 og er mætt með auknum skatttekjum af deild 00010-0020 að sömu fjárhæð og bókast á viðeigandi deildir samkvæmt meðfylgjandi skjali.

Kostnaður Akraneskaupstaðar vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2024 er því samtals kr. 270.450.548.

**4. 2403271 - Fjárhagsáætlun 2024 - viðaukar**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 viðauka nr. 31 við fjárhagsáætlun ársins 2024, samtals að fjárhæð kr. 3.594.000. Um er að ræða tilfærslur af deild 20830 (óráðstafað skv. áætlun), af tegundarlyklum 4280, 4660, 4980 og 4995 og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**5. 2412172 - Tækjakaup í C-álmu Grundaskóla**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 tilfærslu fjármuna af launalyklum Grundaskóla, samtals að fjárhæð 6,0 m.kr., til ráðstöfunar á kaupum á tilteknum búnaði samkvæmt fyrirbyggjandi lista.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 32 við fjárhagsáætlun ársins 2024 til samræmis við framangreint, samtals að fjárhæð 6,0 m.kr., sem færast af launum og yfir á búnaðarkaup (4660) og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**6. 2411175 - Styrkir til lækkunar fasteignagjalda 2024**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 að veita styrki í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 2. mr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 til eftirtalinnna félaga:

- Akur frímúrarastúka, samtals kr. 1.056.880.
- Oddfellow, samtals kr. 1.132.551.
- Dreyri, samtals kr. 310.569.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 33 við fjárhagsáætlun ársins 2024 til samræmis við framangreint, samtals að fjárhæð 2,5 m.kr sem færast af deild 20830-5946 og á deild 05890-5948, að fjárhæð kr. 2.189.431, og á deild 06860-5948, að fjárhæð fjárhæð kr. 310.569 og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**7. 2312219 - Gjaldskrá frístundadvalar utan lögheimilissveitarfélags**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 fyrirbyggjandi tillögu skóla- og frístundaráðs um breytingu á gjaldskrá 2025 vegna frístundadvalar barna sem ekki eiga lögheimili á Akranesi en gert er ráð fyrir endurskoðun gjaldskrárinnar ár hvert.

Bæjarráð vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar.

**8. 2412154 - Hækkun eiginfjárframlags 2024**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 hækkun eiginfjárframlags aðalsjóðs til Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**9. 2312220 - Tómstundaframlag - vinnuhópur um endurskoðun**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2024 fyrirbyggjandi tillögur skóla- og frístundaráðs um fyrirkomulag og fjárhæð tómstundaframlags Akraneskaupstaðar vegna ársins 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Breytingin hefur ekki áhrif á ákvarðaðar fjárheimildir skóla- og frístundsviðs vegna ársins 2025 og mögulegum kostnaðarauka skal mætt innan þeirra.

**10. 2501150 - Höfði hjúkrunar - og dvalarheimili - Lánssamningur 2025**

Lánasamningur vegna Höfða - hjúkrunar og dvalarheimilis.

**13. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð**

252. fundur skóla- og frístundaráðs frá 18. desember 2024.

**14. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð**

253. fundur skóla- og frístundaráðs frá 8. janúar 2025.

**Fundargerðir til kynningar**

**11. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð**

3582. fundargerð bæjarráðs frá 12. desember 2024.

3583. fundargerð bæjarráðs frá 19. desember 2024.

**12. 2401003 - Fundargerðir 2024 - velferðar- og mannréttindaráð**

237. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 17. desember 2024.

**15. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfisráð**

316. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 16. desember 2024

**16. 2401024 - Fundargerðir 2024 - Faxaflóahafnir**

Fundargerði til kynningar -

249. fundur stjórnar Faxaflóahafnar sf. frá 22. nóvember 2024.

250. fundur stjórnar Faxaflóahafnar sf. frá 20. desember 2024.

**17. 2401025 - Fundargerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl**

193. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 16. desember 2024.

**18. 2401023 - Fundargerðir 2024 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili**

150. fundargerð stjórnar Höfða frá 2. desember 2024 ásamt fylgigögnum.

**19. 2401027 - Fundargerðir 2024 - Orkuveita Reykjavíkur**

358. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. nóvember 2024.

**20. 2401028 - Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**

959. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. nóvember 2024.

**21. 2401026 - Fundargerðir 2024 - SSV**

185. fundargerð stjórnar SSV frá 27. nóvember 2024.

13.01.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.